Árið 1985, föstudaginn 13. september, var kjaradómur settur að Rauðarárstíg 25 í Reykjavík og haldinn af Benedikt Blöndal, Jóni Finnssyni, Ólafi Nilssyni, Jóni Rögnvaldssyni og Jóni G. Tómassyni.

**Fyrir var tekið:**

**1. Að taka ákvörðun um laun forseta Íslands, þeirra ríkisstarfsmanna sem 3. mgr. 4.gr. laga nr. 46/1973 sbr. lög nr. 62/1985 tekur til, og ríkissáttasemjara.**

---

Laun forseta Íslands, þeirra ríkisstarfsmanna, sem 3.mgr. 4.gr. laga nr. 46/1973 sbr. lög nr. 62/1985 tekur til, og ríkissáttasemjara skulu hækka um 2,4% frá 1. ágúst 1985 og um 4,5% frá 1. október 1985.

**2. Að taka ákvörðun um þingfararkaup og kostnað alþingismanna.**

---

1. Frá 1. ágúst 1985 skal þingfararkaup hækka um 2,4% og um 4,5% frá 1. október 1985.

2. Húsnæðiskostnaður verði 12.000 krónur mánuði frá 1. október 1985.

3. Dvalarkostnaður um þingtímann verði 465 krónur á dag frá 1. október 1985.

4. Dvalarkostnaður í kjördæmi verði 76.600 krónur frá 1. október 1985 miðað við ársgreiðslu.

5. Kostnaður við ferðalög í kjördæmi verði frá 1. október 1985.

| | |
|---|---|
| Í Reykjavíkurkjördæmi | 4.600 krónur á mánuði. |
| Í Reykjaneskjördæmi | 8.500 krónur á mánuði. |
| Í öðrum kjördæmum | 13.300 krónur á mánuði. |

Benedikt Blöndal

Ólafur Nilsson

Jón Finnsson

Jón G. Tómasson

Jón Rögnvaldsson